

Umsækjendur um störf hjá lögreglunni.

Hvaða persónuupplýsingar er unnið með?

Þegar sótt er um starf hjá lögreglunni er unnið með tiltekna upplýsingar til að geta átt í samskiptum við umsækjendur og lagt mat á hæfni þeirra, svo sem tengiliðaupplýsingar, ferilskrá, kynningarbréf, upplýsingar um menntun, niðurstöður úr ráðningarviðtölum, svo sem stigagjöf og minnispunkta, hæfnismat, og önnur samskipti við umsækjendur. Stundum eru próf eða raunhæf verkefni lögð fyrir umsækjendur og í einhverjum tilfellum eru umsækjendur beðnir um að taka persónuleikapróf, einna helst þegar verið er að ráða í störf embættismanna. Þá er leitað upplýsinga frá umsagnaraðilum um þá umsækjendur sem til greina kemur að ráða.

Ef til þess kemur að bjóða umsækjanda starf hjá lögreglunni og áður en til ráðningar kemur þarf að afla upplýsinga úr sakaskrá og málaskrá lögreglu til að staðreyna að umsækjandi uppfylli skilyrði lögreglulaga. Það er ekki gert nema með samþykki og vitund umsækjanda.

Þeir umsækjendur sem fá störf hjá lögreglunni þurfa síðan að veita viðbótarupplýsingar svo að hægt sé að greiða þeim laun, svo sem, bankaupplýsingar, greiðslur í lífeyrissjóði og stéttarfélagsaðild.

Að meginstefnu til afla lögregluembættin upplýsinga beint frá umsækjanda í gegnum ráðningarkerfi, tölvupóst eða bréfpóst. Eftir atvikum með prófum og raunhæfum verkefnum, úr kerfum lögreglu og frá umsagnaraðilum. Embættin nýta stundum ráðgjöf þriðja aðila, svo sem ráðningarskrifstofu.

Hvers vegna er unnið með persónuupplýsingar þínar og á hvaða grundvelli?

Lögreglan safnar og vinnur upplýsingar fyrst og fremst til að leggja mat á hæfni umsækjanda til að gegna því starfi sem um ræðir. Þær persónuupplýsingar sem lögreglan vinnur með eru unnar í tengslum við umsókn þína um starf hjá viðkomandi embætti, þ.e. á á grundvelli beiðni þinnar um að gera samning við embættið.

Þegar unnið er með viðkvæmar persónuupplýsingar í tengslum við starfsúmsóknir er það gert til að lögreglan geti uppfyllt skyldur sínar samkvæmt vinnulöggjöf og kjarasamningum, svo sem til að greiða í lífeyrissjóð og stéttarfélag.

Bakgrunnsskoðun lögreglunnar er á grundvelli lagaskyldu sem hvílir á lögreglunni, sbr. 28. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996 en þar sem kemur fram að engan má skipa, setja eða ráða til starfa hjá lögreglu sem hlotið hefur fangelsisdóm fyrir refsiverðan verknað sem framinn var eftir að hann varð fullra 18 ára eða sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem starfsmenn lögreglu verða að njóta.

Aðgangur að upplýsingum og miðlun til þriðju aðila.

Starfsfólk þess lögregluembættis sem vinnur við ráðningar, vinna oftast með úmsóknir og úmsóknargögn. Úmsóknargögn og önnur gögn sem verða til í ráðningarferlinu eru geymd í málaskrá viðkomandi lögregluembættis eða skjalasafni. Málaskrárkerfi embættanna eru hýst hjá ríkislögreglustjóra.

Ef sótt er um starf á vef Starfatorgs eru úmsóknirnar og úmsóknargögnin send í gegnum vefinn. Úmsóknin og gögnin eru þá geymd í mannauðskerfi ríkisins sem er í umsjón Fjársýslu ríkisins.

Í einhverjum tilfellum nota embættin þjónustu og ráðgjöf þriðju aðila, svo sem ráðningarskrifstofu, sem aðstoða við úmsóknarferli, próf eða raunhæf verkefni. Það er mismunandi eftir lögregluembættum hvaða ráðningarstofa eða ráðgjafi er fenginn til aðstoðar.

Ef umsækjandi fær starf hjá lögreglunni eru upplýsingar um hann geymdar í mannauðskerfi ríkisins. Í kerfið eru skráðar upplýsingar sem notaðar eru til að greiða laun, eins og nafn, kennitala, heimilisfang, og upplýsingar um reikningsnúmer, stéttarfélag, viðveru og launaupplýsingar.

Samkvæmt 7. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 er skylt að veita upplýsingar um nöfn og starfsheiti umsækjenda um starf þegar umsóknarfrestur er liðinn verði eftir því leitað.

Umsækjendur um störf hafa heimild til þess að fá ákvörðun rökstudda eftir að niðurstaða hefur verið tekin um ráðningu, sbr. 1. tl. 2. mgr. og 3. mgr. 20. gr. stjórnslulaga nr. 30/1993. Eins eiga umsækjendur eftir atvikum rétt á því að fá aðgang að gögnum ráðningarmálsins, sbr. 15. gr. fyrrnefndra laga.

Varðveisla á persónuupplýsingum

Framangreindar upplýsingar eru skráðar í málaskrá viðkomandi lögregluembættis. Upplýsingum og gögnum er ekki eytt og þeim er að endingu skilað til Þjóðskjalasafns Íslands til varðveislu.